

SÓKN

-Sókn er besta vörnin

Tbl. 2 | 1. október 2025

Efling fordæmir þjóðarmorð - fjöldafundurinn Þjóð gegn þjóðarmorði

Stjórn Eflingar samþykkti í byrjun september ályktun þar sem fordæmt er þjóðarmorð Ísraela á palestínsku þjóðinni. Í ályktuninni er krafist tafarlausra aðgerða af hálfu íslenskra stjórnvalda og alþjóðasamfélagsins til að stöðva árásir á almenna borgara, börn, konur, sjúkrahús og skóla.

Í framhaldi tók Efling þátt í fjölda-mótæmum þann 6. september undir yfirskriftinni „Þjóð gegn þjóðarmorði“. Að mótmælunum stóðu yfir 180 félagasamtök, þar á meðal Efling, og Trúnaðarráð hvatti félagsmenn til að fjölmenna og sýna samstöðu með palestínsku þjóðinni.

Mótmælt var víða um land: í Reykjavík, á Akureyri, Ísafirði, Egilsstöðum, Stykkishólmi og á Húsavík.



Þjóð gegn þjóðarmorði mótmælin á Austurvelli 6. september.

Fyrsta trúnaðarmannanámskeið haustsins - kjarasamningsgerð



Svípmýnd frá vel sóttu trúnaðarmannanámskeiði í september

Fyrsta trúnaðarmannanámskeið vetrarins fór fram 8. september og fjallaði sérstaklega um kjarasamningsgerð. Viðar Þorsteinsson fór yfir lagaramma og umhverfi samningagerðar á Íslandi og helstu hugtök sem tengjast kjarasamningum.

Á námskeiðinu var meðal annars fjallað um form og gildissvið kjarasamninga, réttindi og skyldur samningsaðila, hugtakið friðarskylda og mikilvægi kröfugerða. Þá var bent á hvernig alþjóðlegar skuldbindingar og dómafordæmi geta haft áhrif á framhald íslenskra kjarasamninga.

Þetta var fyrsti liðurinn í fræðslu um kjarasamningsgerð á trúnaðarmanna-

námskeiðunum í vetur. Áfram verður fjallað um kjarasamningsgerð, um

verkfallsaðgerðir og öfluga aðferðafræði Eflingar í kjarabaráttu.

Dagsetningar komandi námskeiða á vetrinum 2025 – 2026

ALMENNI VINNUMARKAÐURINN

- 15. október 2025 (miðvikudagur)
- 13. nóvember 2025 (fimmtudagur)
- 18. desember 2025 (fimmtudagur)
- 13. janúar 2026 (þriðjudagur)
- 18. mars 2026 (miðvikudagur)
- 21. apríl 2026 (þriðjudagur)
- 28. maí 2026 (fimmtudagur)

OPINBERI VINNUMARKAÐURINN

- 8. september 2025 (mánudagur)
- 14. október 2025 (þriðjudagur)
- 12. nóvember 2025 (miðvikudagur)
- 17. desember 2025 (miðvikudagur)
- 12. janúar 2026 (mánudagur)
- 17. mars 2026 (þriðjudagur)
- 20. apríl 2026 (mánudagur)
- 28. maí 2026 (fimmtudagur)

Efling á aðalþingi SUN í Stafangri



Vel fór á með Þóri Jóhannessyni varaformanni Eflingar og Jimmy Ovesson, alþjóðafulltrúa sænska flutningsmannasambandsins (Svenska Transportarbetarebörbundet).

Í lok ágúst tók Efling í fyrsta sinn þátt í aðalþingi SUN, norræns stéttarfélagssambands sem sameinar félög í ræstingum, öryggisgæslu og fasteignaumsjón. Þingið fór fram í Stafangri í Noregi og sóttu það Sólveig Anna Jónsdóttir formaður, Þórir Jóhannesson varaformaður, Karla Barralaga Ocon stjórnarmaður og þrír starfsmenn félagsins.

Á þinginu var minnst 80 ára sögu SUN og rætt um sameiginlegar baráttur norrænna stéttarféлага, allt frá verkföllum í Finnlandi og Færeyjum til átaka við Tesla í Svíþjóð. Áhersla var lögð á að styrkja samstarf landanna í baráttunni gegn ótryggum ráðningum í gegnum svokallað gig-hagkerfi – þar sem fólk vinnur sem einyrkjar eða verktakar í gegnum öpp án hefð-

bundinna réttinda – og gegn því að tölvukerfi og öpp stýri vinnunni. Slíkt „tölvustýrt vinnufyrirkomulag“ úthlutar verkefnum, fylgist með afköstum og ákveður jafnvel vinnutíma starfsfólks.

Einnig var samþykkt ný aðgerðaáætlun 2025–2029 sem leggur áherslu á valdeflingu launafólks í viðkvæmri stöðu, réttindi í grænum umskiptum og baráttu gegn félagslegum undirboðum.

„Það er okkur mjög dýrmætt að geta borið saman bækur okkar við norræna félaga, fá ráðleggingar og nýjar hugmyndir. Samstarf sem þetta, og annað alþjóðasamstarf, er mikilvægt í baráttu verkafólks, sem er alþjóðleg barátta,“ sagði Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar.

„Félagsfólk upplifir Eflingu sem sitt samfélag“

- viðtal við Adam Fishwick

„Það sem Efling hefur gert er að færa sig frá því að vera fjarlæg skrifræðisleg eining yfir í að virkja grasrótina. Þannig styrkist félagið sem heild, bæði til að semja um hærri laun og betri kjör.“

Þetta segir Adam Fishwick, rannsóknarstjóri og gestaprófessor við Háskólann á Akureyri. Adam, sem er með doktorsgráðu í þróunarfræðum rannsakar nú þær breytingar sem orðið hafa á Eflingu stéttarfélagi frá árinu 2018, með áherslu á það hvernig félagið hefur endurnýjað starfsemi sína og virkjað félagsmenn á nýjan hátt. Adam hefur rannsakað verkalyðsátök og stéttarfélög víðsvegar um heim, allt frá Suður-Ameríku til Bretlands.

Adam segir þá stefnubreytingu sem orðið hefur á starfsemi Eflingar, sem lýst er hér í upphafi, einnig greinanlega á öðrum stöðum. Þannig hafi ræstingafólk í breskum háskólum stofnað nýtt stéttarfélag þegar ljóst þótti að hin rótgrónu stéttarfélög þar í landi gátu ekki, og vildu kannski ekki, verja þeirra hagsmuni. Svipuð ferli, þó í öðru samhengi, eru einnig sjáanleg í Suður-Ameríku, segir Adam.

Hann leggur einnig áherslu á pólitískt hlutverk stéttarféлага í viðum skilningi: „Félögin hafa rödd sem skiptir máli – ekki bara varðandi launakjör heldur líka daglegt líf félagsmanna, húsnæði, menntun og aðgengi að þjónustu.“ Hann bendir á að stéttarfélög geti ekki takmarkað sig við ákveðin mál, því allt tengist, frá loftslagsbreytingum til alþjóðlegra efnahagsmála, sem hafa áhrif á félagsmenn.

Eitt af því sem Adam segir að sér hafi þótt sérstaklega áhugavert í þeim viðtölum sem hann hefur átt við félagsfólk Eflingar var sterk tilfinning fyrir samfélagi innan félagsins. „Félagsfólk upplifir Eflingu sem sitt samfélag,“ segir hann. Þetta tengist breytingum í skipulagi og leiðtogahlutverki innan félagsins, sem styrkir starfsemina og eykur getu félagsins til að standa vörð um hagsmuni félagsmanna.

Rannsóknarverkefnið hófst formlega í byrjun þessa árs og felur í sér viðtöl við stjórnendur, trúnaðarmenn og



Adam Fishwick rannsakar þær breytingar sem hafa orðið á Eflingu undanfarin ár.

félagsmenn, auk rýnihópa á næsta ári. Fyrstu niðurstöður benda til þess að endurnýjun félagsins sé drifin af félagsmönnum sjálfum, frekar en ytri hrifum, og sýni hvernig félagið byggi upp styrk sinn „neðan frá“.

Adam segir að reynslan af Eflingu sýni skýrt að stéttarfélög geti haft bæði félagslegt og pólitískt hlutverk. „Þetta er kjarninn í endurnýjuninni,“ segir hann, „og það sem mér finnst sérstak-

lega áhugavert er hvernig félagið tengir félagsmenn sína við samfélagið og styrkir rödd þeirra innan vinnumarkaðarins og samfélagsins almennt.“

Freyr Rögnvaldsson tók viðtalið við Adam Fishwick sem mun fræða trúnaðarmenn Eflingar um rannsóknir sínar á verkalyðshreyfingunni á trúnaðarmannanámsskeiðum í október.

Fjör, vinátta og fjölbreytileiki - Matur og menning 2025

Hátíðin **Matur og Menning** fór fram í Iðnó sunnudaginn 21. september með glæsibrag. Félagar Eflingar buðu upp á mat frá meira en 20 löndum og fylltist húsið af ilmi, stemmningu og gleði.

Gestir fengu að bragða á fjölbreyttum réttum úr öllum heimshornum – allt frá heilgrilluðum gris að filippseyskum hætti til íransks eftirréttis „að hætti ömmu“ og kjötsúpu frá Dóminíska

lýðveldinu. Með matnum fylgdi fjölbreytt dagskrá þar sem félagar og fjölskyldur þeirra tóku þátt – spilað var á fiðlu, sungið og dansað, og þannig skapaðist sannkölluð hátíð fjölbreytileikans og samstöðu.

„Matur og menning 2025 heppnaðist frábærlega! Það var stórkostlega góður matur og risastór hópur Eflingargesta. Æðisleg stemmning og allir í góðu

skapi,“ sagði Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar, að lokinni hátíðinni.

Þetta var í þriðja sinn sem Efling heldur þennan vinsæla viðburð og má með sanni segja að hann hafi fest sig rækilega í sessi sem árleg veisla félagsfólks og fjölskyldna þeirra.



Matur og menning fór fram með glæsibrag í Iðnó 21. september.



Heimsókn Mark Bergfelds - réttlæti fyrir starfsfólk í ræstingum!



Mark Bergfeld kom á fund Trúnaðarráðs 4. september.

Mark Bergfeld, fulltrúi UNI Global Europe, heimsótti Eflingu í byrjun september. Hann átti fundi með trúnaðarráði og stjórn félagsins þar sem rætt var um leiðir til að styrkja réttindi, kjör og starfsaðstæður í ræstingaeiranum.

Mark lagði áherslu á að alþjóðleg samvinna væri lykilatriði til að efla stöðu ræstingafólks og hrósaði þeirri uppbyggingu sem átt hefur sér stað innan Eflingar síðustu ár. Hann hefur sjálfur unnið náið með norrænum stéttarfélögum á sviði ræstinga.

Efling vinnur nú að því að fjölga trúnaðarmönnum í ræstingum og styrkja samtakarmátt félagsmanna. Félagið krefst þess jafnframt að opinber innkaup og útboð taki mið af félagslegri ábyrgð – með skýrum skilyrðum um örugga vinnu, sanngjörn kjör og góðar starfsaðstæður.

„Ég er mjög hrifinn af þeirri félagsmenningu sem Sólveig Anna Jónsdóttir og félagar hennar hafa byggt upp í Eflingu. Félagið hefur breytt samningamenningunni á Íslandi og er nú farið að efla alþjóðleg tengsl. Íslensk stéttarfélög eru líklega með

hæsta hlutfall launafólks í stéttarfélögum í heimi, um 90 prósent, en hafi hingað til litið tekið þátt í alþjóðlegu samstarfi. Það sem Efling er að byggja upp í skipulagi trúnaðarmanna og í þátttöku innflytjenda er einstakt í alþjóðlegum samanburði. Oft heyrum við um nýjar aðferðir frá Bretlandi, Bandaríkjunum eða Þýskalandi – en stundum hefjast mikilvægustu nýjungarnar á jadrinum og breiðast þaðan út. Ég er sannfærður um að við munum heyra mikið meira frá þessari litlu eyju í miðju Atlantshafi á komandi árum,“ sagði Mark Bergfeld, fulltrúi UNI Global Europe.

Efling krefst róttækra aðgerða í húsnæðismálum

Húsnæðiskostnaður hefur á undanförnum árum hefur vaxið miklu hraðar en laun og orðið eitt stærsta vandamál íslensks verkafólks. Tugir þúsunda glíma við ótryggt leiguhúsnæði og okurleigu á meðan stjórnvöld sitja aðgerðalaus.

Efling hefur ítrekað bent á að húsnæðismarkaðurinn sé kominn í alvarlega kreppu sem kalli á róttækar aðgerðir. Samkvæmt Sólveigu Önnu Jónsdóttur, formanni félagsins, gerir frumvarp ríkisstjórnarinnar um húsnæðismál lítið til að leysa vandann og muni ekki tryggja almenningi öruggt húsnæði á viðráðanlegu verði.

Ekki verður samið aftur um hófstílltar launahækkanir í kjarasamningum nema því aðeins að stjórnvöld taki til í þeim „ruslahaug“ sem húsnæðismarkaðurinn er orðinn. Óásættanlegt er að langstærstur hluti ráðstöfunartekna stórs hóps Eflingarfólks, jafnvel svo



Mynd frá mótmælum Eflingar við ráðherra-bústaðinn 10. febrúar 2023.

mikið sem 70 prósent, renni beint í vasa leigusala um hver mánaðamót.

„Taka verður til í þeim ruslahaug sem húsnæðismarkaðurinn er orðinn,“ sagði Sólveig Anna og gagnrýndi aðgerðarleysi stjórnvalda. Hún lagði áherslu á að skortur á félagslegu húsnæði og frjálsræði fjármagnseigenda á markaðnum hafi leitt til óviðunandi stöðu þar sem leigjendur greiða stóran hluta tekna sinna í húsaleigu.



Efling hefur lengi bent á að lausnin felist í markvissum aðgerðum stjórnvalda: byggingu félagslegs húsnæðis í stórum stíl, setningu bremsu á leiguverð, verulega takmörkun á Airbnb og aukinni vernd leigjenda. Að mati Sólveigar Önnu þarf að stöðva það að gróðafíkn fjármagnseigenda ráði för og í staðinn einbeita að því að tryggja fólki öruggt heimili.

Trúnaðarmaður mánaðarins - Ignacia Russell



Ignacia Russel er trúnaðarmaður Eflingar hjá Íslenska textíldiðnaðinum hf.

Hvað finnst þér gaman að gera utan vinnu?

„Mér finnst gaman að fara á hjólabretti með hundinum mínum, safna

Pokémon-spilum, spila tölvuleiki, horfa á hryllingsmyndir og njóta lífsins með eiginkonu minni.“

Hvað er það besta við að vera trúnaðarmaður?

„Það besta við að vera trúnaðarmaður er að öðlast þekkingu á réttindum verkafólks sem gerir mér kleift að verja réttindi þeirra og bæta starfsaðstæður og kjör, og þannig stuðla að sanngjörnu vinnuumhverfi.“

Hverju ertu stolt af, úr starfi þínu sem virkur Eflingarfélagi?

„Að hafa verið kosin af samstarfsfólki mínu og gert góðar breytingar hjá fyrirtækinu sem ég vinn hjá.“

Ef þú gætir ferðast hvert sem er núna, hvert myndir þú fara?

„Núna myndi ég fara til Síle til að fagna þjóðhátíðardögum lands míns og eyða tíma með fjölskyldunni minni. Ég myndi annars elska að vera í Japan, njóta fallegs landslags, borða dásamlegan mat og eyða peningunum mínum í Pokémon.“

Hvað finnst þér skemmtilegast við haustið á Íslandi?

„Ég elska litina í íslenska haustinu, laufin á trjánum, fallegu sólarupprásirnar og fjöllin. Það byrjar að kólna og maður veit að veturinn er á leiðinni, en það er enn aðeins af sól sem hægt er að njóta, og á kvöldin getur maður þegar byrjað að njóta stórkostlegs norðurljósadýrðar.“

Hvaða ráð myndir þú gefa nýjum trúnaðarmanni?

„Farðu á námskeiðin, því þar lærir maður mikið, kynnist líka frábæru fólki, og hafðu alltaf góð samskipti við samstarfsfólkið þitt.“



Skattfríðindi þeirra tekjuhæstu - hvað sýna tölurnar?

Stefán Ólafsson bendir á að fólk með hæstu tekjurnar beri oftast stóran hluta tekna sinna í fjármagnstekjur, sem eru skattlagðar miklu lægra en launatekjur almenns launafólks. Þannig njóti þau tekjuhæstu stórra skattfríðinda á við þorra launafólks.

Yfir tíma sé stuðningur ríkisins við tekjuhæsta fólkið í formi lágrar skattlagningar fjármagnstekna mun meiri en heildargreiðslur ríkisins í barnabætur og húsnæðisstuðning til tekjulágra heimila samanlagt.

Stefán leggur til að skattlagning fjármagnstekna verði hækkuð, þannig að hún samsvari skattlagningu launatekna almennings, til að draga úr misrétti og efla jafnræði.



Lesið grein Stefánar í heild sinni hér (QR kóði á greinina á síðu Eflingar)